

Skipulögð kennsla

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað aðstandendum og fagfólki sem starfar með börnum og ungmennum með einkenni á einhverfurófi og önnur þroskafrávik.

Hámarksfjöldi þátttakenda

Á þessu námskeiði er hámarksfjöldi þátttakenda 30

Lýsing

Námskeiðið er byggt á hugmyndafræði TEACCH og er lögð áhersla að kynna hugmyndafræðina og líkanið um Skipulagða kennslu. Fjallað verður um hvernig aðferðir Skipulagðrar kennslu mæta veikleikum sem geta birst hjá einstaklingum með einhverfu og önnur þroskafrávik t.d. í boðskiptum og félagslegum samskiptum. Námskeiðið byggir á fyrirlestrum, myndböndum, umræðum og hópavinnu.

Markmið

Að þátttakendur:

- fá innsýn í hugmyndafræði TEACCH
- læri grunnatriði aðferða sem byggja á skipulagðri kennslu
- Öðlist skilning hvers vegna sjónrænar upplýsingar henta einstaklingum með einhverfu og önnur þroskafrávik
- geti tekið þátt í uppbyggingu og notkun skipulags í daglegu lífi einstaklings t.d. í skóla, á vinnustað, heimili eða úti í samfélaginu

Umsjón

Aðalheiður Una Narfadóttir leikskólasérkennari, Áslaug Melax leikskólasérkennari og Helga Kristín Gestsdóttir iðjuþjálfari